



Jólaverslun fer vel af stað þrátt fyrir veirufaraldur

Neysla Íslendinga innanlands var 5% meiri í nóvember í ár en í fyrra.

Seðlabanki Íslands birti í morgun gögn um veltu innlendra greiðslukorta í nóvember.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 70 mö.kr. og jókst um 5% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta erlendis nam alls 10 mö.kr. og dróst saman um 46% milli ára miðað við fast gengi.


Íslendingar virðast því hafa verið nokkuð duglegir að versla í nóvember og er líklegt að sérstakir afsláttardagar á borð við „dag einhleypa“ og „svartan föstudag“ hafi þar haft áhrif. Verslun mánaðarins hefur að líkindum að miklu leyti farið fram í gegnum netverslanir þar sem strangar fjöldatakmörkanir voru inn í verslanir allan mánuðinn og ferðalög til útlanda nær engin.

Mun minni samdráttur en í fyrstu bylgju faraldursins


Samanlagt dróst kortavelta saman um 6% milli ára í nóvember miðað við fast gengi og fast verðlag. Þetta er minni samdráttur en mældist í október þegar neyslan dróst saman um 12% og mun minni samdráttur en mældist í fyrstu bylgju faraldursins, þegar veltan dróst saman um allt að 26% samanlagt innanlands og erlendis milli ára.

Í þessari bylgju er ekki að sjá að neysla dragist saman innanlands líkt og gerðist í fyrstu bylgju og samdrátturinn er minni erlendis frá, þrátt fyrir hertar sóttvarnaraðgerðir. Ef til vill má rekja þetta til aðlögunar neytenda og verslana að því að eiga viðskipti með vörur og þjónustu í auknum mæli með rafrænum hætti, með því að bjóða upp á heimsendingu í gegnum netverslanir og svo framvegis.

Þrátt fyrir minni samdrátt en í fyrstu bylgju, eru merki bylgjunnar engu að síður vel sjáanleg ef þróunin í haust er borin saman þróunina í sumar



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



Þegar neysla innanlands jókst um allt að 17% milli ára.

Samdráttur í einkaneyslu á sama tíma og kaupmáttur eykst

Hagstofan birti nýverið gögn um þróun einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi, en hún dróst saman um 2,3% milli ára sem er talsvert minni samdráttur en mældist á öðrum fjórðungi þegar neyslan dróst saman um 8,8%. Minni samdráttur má rekja til aukinnar kortaveltu innanlands í sumar, líkt og gögn um kortaveltu gefa til kynna.

Athygli vekur að kaupmáttur hefur þó aukist á sama tíma og neysla dregst saman. Það bendir til þess að neyslugeta margra sé nokkuð mikil, en þær samkomu- og ferðatakmarkanir sem í gildi eru takmarka neyslumöguleika. Þetta endurspeglast meðal annars í auknum innlánum og sparnaði heimila, en um þarsíðustu mánaðarmót lágu ríflega 100 ma. aukalega inn á velti- og óbundnum innlánum heimilanna miðað við stöðuna fyrir ári síðan. Það jafngildir 17% aukningu í innlánum miðað við fast verðlag. Á móti vegur að atvinnuleysi er mjög hátt en heildaratvinnuleysi var 12% í nóvember samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar. Þar af var almennt atvinnuleysi 10,6% og atvinnuleysi tengt minnkuðu starfshlutfalli 1,4%.


Rafbílaáhugi landsmanna hefur áhrif

Þrátt fyrir minni neyslu og aukinn sparnað, má einnig greina aukin stórkaup meðal landsmanna. Bifreiðakaup hafa aukist og að mati Hagstofunnar var hægt að rekja minni samdrátt einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi til þessa. Nýskráðir voru alls 3.407 bílar á þriðja ársfjórðungi sem er 9% aukning milli ára. Til samanburðar voru 60% færri bílar nýskráðir á öðrum ársfjórðungi, milli ára. Aukningin er að miklu leyti tilkomin vegna aukins innflutnings og sölu á rafbílum.

Neyslumesti mánuður ársins stendur nú yfir


Neysla landsmanna virðist vera nokkuð mikil þrátt fyrir aðstæður, en gæti ef til vill verið meiri ef lítið er til þróunar kaupmáttar. Eðlilegar skýringar eru þó fyrir þeim samdrætti sem nú mælist, og er líklegt að hann vari meðan að faraldurinn geisar. Sem fyrr segir, er samdrátturinn þó aðallega vegna minni neyslu erlendis frá.

Einkaneysla, kortavelta og kaupmáttur




Greiðslukortavelta í verslun héraendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innlán heimila



Velti- og óbundin innlán. Mismunur á stöðu síðasta dag mánaðar. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Nýskráning fólksbifreiða



Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbankans



Í október spáðum við því að einkaneysla myndi dragast saman um 5,5% á þessu ári. Til þess að sú spá gangi eftir þarf samdráttur á fjórða ársfjórðungi að verða nokkuð meiri en á öðrum og þriðja. Kortaveltugögn október- og nóvembermánaða benda til þess að ólíklegt sé að svo verði, en þó á eftir að sjá hvernig kortaveltan verður í desember sem er jafnan neyslumesti mánuður ársins.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.